

# Reglur Bergrisans um húsnæði fyrir fatlað fólk

Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

## Bergrisinn bs.

1. **Bergrisinn bs.** er byggðasamlag sem stofnað var skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fer með málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi á starfssvæði eftirtalinna sveitarfélaga skv. samþykktum byggðasamlagsins: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes - Grafningshreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur. Innan Bergrisans bs. eru fimm félags- og velferðarþjónustusvæði sem starfa við veitingu þjónustu í umboði byggðasamlagsins: Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

2. **Þjónusturáð:** Ráðið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar er af stjórn Bergrisans bs. og gerir tillögur vegna stærri ákvarðana og stefnumörkunar til stjórnar Bergrisans bs. Þjónusturáð er skipað fimm yfirmönnum í málaflokki fatlaðra á fyrrgreindum félags- og velferðarþjónustusvæðum.

3. **Fagteymi:** Teymið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar eru af stjórn Bergrisans bs. og fjallar um öll erindi er varða sértæka þjónustu gagnvart einstaklingum og gerir tillögu að afgreiðslu þeirra til þjónusturáðs. Í fagteymi sitja fulltrúar fyrrgreindra félags- og velferðarþjónustusvæða og er skipað af þjónusturáði á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

## I. kafli

### Skilgreiningar, umsóknir og ráðgjöf

#### 1. gr.

#### Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og sbr. reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

#### Skilgreiningar

a. Húsnæði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk og í húsnæði með stuðningi skv. neðan greindri skilgreiningu. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

- b. **Sértækt húsnæði** fyrir fatlað fólk er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.
- c. **Húsnæði með stuðningi** er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.

### 3 gr.

#### Skilyrði fyrir því að umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk verði samþykkt á biðlista

*Umsækjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt á biðlista.*

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi, sbr. 1. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.
- b. Umsækjandi skal uppfylla öll atriði í öðrum hvorum neðan greindra liða:
- 1) **Umsækjandi um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk** skal:
    - hafa staðfesta fötlunargreiningu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, viðurkenndri sjúkrastofnun eða teymi fagfólks sem hefur sérfræðiþekkingu á fötlun.
    - vera metinn í þörf fyrir sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk samkvæmt mati á stuðningsþörf og matsviðmið Bergrisans bs. um húsnæði fyrir fatlað fólk sem unnin er í samvinnu við umsækjanda.
    - Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 5. flokk eða hærra.
  - 2) **Umsækjandi um húsnæði með stuðningi** skal:
    - hafa staðfesta fötlunargreiningu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, viðurkenndri sjúkrastofnun eða teymi fagfólks sem hefur sérfræðiþekkingu á fötlun.
    - vera metinn í þörf fyrir húsnæði með stuðningi fyrir fatlað fólk en ekki í þörf fyrir næturþjónustu samkvæmt mati á stuðningsþörf og matsviðmið Bergrisans bs. um húsnæði fyrir fatlað fólk sem unnin er í samvinnu við umsækjanda.
    - hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann að lágmarki vera metinn í 1.-4. Flokk.
- c. Umsóknir skulu metnar samkvæmt matsviðmiðum Bergrisans bs., sbr. fylgiskjal nr. 1 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig.

### 4. gr

#### Fylgigögn með umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk

Eftirfarandi gögn skulu liggja fyrir við afgreiðslu umsóknar um húsnæði fyrir fatlað fólk:

- a. Staðfest fötlunargreining. Með fötlunargreiningu er átt við staðfestingu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, viðurkenndri sjúkrastofnun eða teymi fagfólks sem hefur sérfræðiþekkingu á fötlun.
- b. Mat á stuðningsþörf og matsviðmið Bergrisans bs. um húsnæði fyrir fatlað fólk sem ráðgjafi viðeigandi félags- og velferðarþjónustu lögheimili sveitarfélags vinnur með umsækjanda.

- c. Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa, Support Intensity Scale (SIS), hafi umsækjandi verið metinn skv. því.

Telji ráðgjafi að afla þurfi frekari gagna/upplýsinga vegna umsóknar um húsnæði skv. reglum þessum, áður en hún er tekin til afgreiðslu, skal ráðgjafi óska eftir samþykki umsækjanda fyrir upplýsingaöflun eða leggja fyrir umsækjanda að afla frekari gagna.

Berist gögnin ekki til ráðgjafa innan 30 daga frá því að umsækjanda var leiðbeint um frekari gagnaöflun er umsókn hans synjað nema ef tafir megi rekja til annarra aðila en umsækjanda.

## 5. gr.

### Umsóknir og ráðgjöf

Sækja skal um húsnæði fyrir fatlað fólk skriflega á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu eða bæjarskrifstofu lögheimili sveitarfélags. Umsókn skal undirrituð eða staðfest með rafrænum hætti með rafrænum skilríkjum af hálfu umsækjanda eða eftir atvikum lögráðamanni, umboðsmanni eða persónulegum talsmanni hans. Útfylltu umsóknareyðublaði, ásamt fylgigögnum, skal skilað til félags- og velferðarþjónustu lögheimili sveitarfélags umsækjanda. Ef umsækjandi á ekki lögheimili á þjónustusvæði Bergrisans bs., skal sótt um hjá því sveitarfélagi/þjónustusvæði þar sem úrræði er staðsett.

Þegar umsókn hefur verið móttækin hjá félags- og velferðarþjónustu er umsækjandi boðaður í viðtal, ásamt lögráðamanni, umboðsmanni eða persónulegum talsmanni ef við á, þar sem gert er mat á stuðningsþörf og farið yfir matsviðmið vegna úthlutunar húsnæðis fyrir fatlað fólk. Ráðgjafi félags- og velferðarþjónustu veitir ráðgjöf og upplýsingar varðandi húsnæðismál.

## 6. gr.

### Umsókn samþykkt á biðlista

Sé umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk samþykkt en ljóst sé að ekki verði unnt að úthluta í húsnæði innan þriggja mánaða skal umsækjanda tilkynnt skriflega ástæður tafanna og hvenær fyrirhugað sé að húsnæði verði úthlutað. Þá skal setja umsókn á biðlista og unnin áætlun um að útvega viðeigandi húsnæðisúrræðis og umsækjandi upplýstur um þá þjónustu sem stendur honum til boða á biðtíma.

## II. Kafli

### Forgangsröðun og úthlutun

## 7. gr.

### Forgangsröðun

Fullnægi umsækjandi skilyrðum reglna þessara, raðast umsókn í forgangsröð með hliðsjón af faglegu mati ráðgjafa og fagteymis Bergrisans ásamt niðurstöðu stigagjafar skv. matsviðmiðum.

Matsviðmið þau sem um ræðir eru í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Við lok mats skv. matsviðmiði eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Niðurstaða mats er höfð til hliðsjónar við forgangsröðun til úthlutunar í húsnæði.

Við forgangsröðun umsókna um húsnæði fyrir fatlað fólk skal taka mið af þjónustupörf umsækjanda við mat hvaða húsnæði henti umsækjanda. Jafnframt skal stuðst við mat Bergrisans bs. á stuðningsþörfum.

## **8. gr.**

### **Almennt um úthlutun**

Fagteymi Bergrisans bs. fjallar um öll erindi er varða sértæka þjónustu gagnvart einstaklingum og gerir tillögu að afgreiðslu sem er endanlega samþykkt af stjórn Bergrisans bs.

Úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk fer fram á fundum fagteymis Bergrisans bs. þar sem fagteymi leggur faglegt mat á þær umsóknir sem metnar hafa verið skv. matsviðmiðum með reglum þessum. Við úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk skal jafnframt taka mið af stuðningsþörf með hliðsjón af því húsnæði sem í boði er og samsetningu íbúa.

Uppfylli umsækjandi ekki lengur þau skilyrði sem koma fram í 3. gr., á meðan beðið er úthlutunar, er heimilt að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um samþykki á biðlista, sbr. 15. gr. reglna þessara.

Úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk byggir á gögnum sem liggja fyrir á úthlutunardegi. Uppfæra ber öll gögn miðað við stöðu umsækjanda á þeim tíma. Einnig ber eftir atvikum að framkvæma endurmat skv. matsviðmiðum. Skal umsækjanda tilkynnt skriflega um ef endurmat leiðir til breytinga á stigagjöf.

Ákvörðun um úthlutun er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Um er að ræða skilyrta stjórnvaldsákvörðun þar sem gert er að skilyrði að umsækjandi uppfylli skilyrði reglna þessara, fari að þeim ákvæðum sem gilda skv. húsaleigulögum nr. 36/1994 og ákvæðum leigusamnings um viðkomandi leiguhúsnæði.

Heimilt er að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um úthlutun sé skilyrðum reglna þessara ekki lengur fullnægt. Sama gildir ef eigi er farið að ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 eða ákvæðum leigusamnings um viðkomandi leiguhúsnæði.

## **9. gr.**

### **Tilkynning um úthlutun húsnæðis og höfnun**

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega þegar úthlutun til hans hefur farið fram. Umsækjanda er veittur tíu daga frestur til að svara hvort hann þiggi úthlutun húsnæðisins. Ef svar berst ekki innan framangreinds frests er litið svo á að umsækjandi þiggi ekki úthlutun.

Hafi viðkomandi tvívegis hafnað úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk án þess að málefnalegar ástæður liggi að baki er heimilt að senda viðkomandi bréf þess efnis að litið sé svo á að umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka og sé hún því úr gildi fallin. Talið er að lagalegri skyldu til að útvega húsnæði sé fullnægt skv. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þar sem húsnæði hafi ítrekað verið hafnað verði að álykta að viðkomandi geti sjálfur ráðið úr húsnæðisvanda sínum og dragi því umsókn sína til baka.

### **III. Kafli**

#### **Endurnýjun umsókna og ráðgjöf**

##### **10.gr.**

##### **Endurnýjun og endurmat umsókna**

Endurnýja skal umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk innan 12 mánaða frá umsóknardegi til að viðhalda gildi hennar og svo á a.m.k. 12 mánaða fresti. Sé umsókn ekki endurnýjuð innan 12 mánaða fellur hún úr gildi. Endurnýjun skal vera skrifleg. Við endurnýjun umsóknar getur farið fram endurmat á hvort skilyrðum 3.gr. reglna þessara sé fullnægt. Endurmat samkvæmt matsviðmiðum getur haft áhrif á forgangsröðun umsóknar. Þá getur endurmat leitt til afturköllunar um að umsókn sé samþykkt á biðlista. Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort endurnýjun umsóknar leiði til breytinga á mati skv. matsviðmiðum.

Hafi umsækjandi ekki fengið húsnæði innan 12 mánaða frá því umsókn var samþykkt mun ráðgjafi hafa samand við umsækjanda og uppfærir umsókn. Auk þess skal farið yfir stöðu umsóknar umsækjanda á biðlista og möguleika á úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk á næstu 12 mánuðum. Þá skal farið yfir það með umsækjanda hvaða úrræði og þjónusta standi honum til boða þar til úthlutun húsnæðis fer fram.

##### **11.gr.**

##### **Ráðgjöf á biðtíma**

Ráðgjafi skal vera í reglubundnu samráði og endurmeta aðstæður umsækjanda á meðan beðið er úthlutunar á húsnæði sbr. 10. gr. reglna þessara og veita félagslega ráðgjöf ef þurfa þykir.

##### **12.gr.**

##### **Skráning lögheimils**

Við úthlutun húsnæðis skv. reglum þessum skal umsækjandi skrá lögheimili sitt í húsnæðið. Húsnæði er afhent þegar umsækjandi leggur fram tilkynningu um skráningu lögheimili í húsnæðið sem skal vera fylgiskjal með húsaleigusamningi. Fatlaður einstaklingur sem býr í húsnæði sem úthlutað er skv. reglum þessum skal hafa lögheimili sitt skráð í húsnæðinu á meðan hann býr í húsnæðinu. Sé lögheimili hins fatlaða einstaklings fært annað er litið svo á að viðkomandi uppfylli ekki lengur skilyrði til búsetu í húsnæðinu og forsendur því brostnar fyrir leigusamningi.

### **IV. KAFLI**

#### **Leigusamningur, ákvörðun húsaleigu, innheimta leigu og milli flutningur**

##### **13. gr.**

##### **Leigusamningur**

Leigusali annast frágang leigusamninga og um þá gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994. Um réttarsamband leigutaka og leigusala gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 og ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993

Að jafnaði eru gerðir ótímabundnir leigusamningar vegna sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk og húsnæðis með stuðningi.

Leigutaki í húsnæði fyrir fatlað fólk skal einnig gera sérstakan samning um þjónustuna og þann stuðning sem veittur er í hverju tilfalli. Jafnframt skal koma fram í samningnum hvaða skyldur hvíli á leigutaka. Slíkir samningar eru hluti af húsaleigusamningi enda úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk háð því að viðkomandi hafi þörf fyrir þjónustu/stuðning. Uppsögn á slíkum samningi samsvarar uppsögn á húsaleigusamningi.

Leigutaki verður að fullnægja skilyrðum 3. gr. reglnanna allt það tímabil sem leigusamningurinn gildir. Skal leigutaki húsnæðisins eiga lögheimili í húsnæðinu óslitið á leigutíma.

Innheimta leigugjalds, umsjón og viðhald er á vegum leigusala.

Að öðru leiti fer skv. reglum lögheimili sveitarfélags um félagslegt leiguhúsnæði eða eftir atvikum reglum eiganda húsnæðis.

#### **14. gr. Milliflutningur**

Heimilt er að óska eftir milli flutningi þegar þrjú ár eru liðin frá síðustu úthlutun. Umsækjendur um milli flutning geta sótt um undanþágu frá framangreindu skilyrði um að hafa búið í þrjú ár í núverandi húsnæði, séu veigamiklar ástæður fyrir flutningi, s.s. alvarlegt heilsuleysi eða mikil vandkvæði bundin við núverandi búsetu. Umsóknir um undanþágur samkvæmt ákvæði þessu skulu berast á heimasíðu eða bæjarskrifstofu lögheimili sveitarfélags.

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 3. gr. reglna þessara raðast umsóknir um milli flutning í forgangsröð með hliðsjón af faglegu mati ráðgjafa og fagteymis Bergrisans bs. ásamt stigagjöf samkvæmt matsviðmiðum.

Um milli flutninga gilda þau matsviðmið sem tilgreind eru í fylgiskjali nr. 2 með reglum þessum. Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans um milli flutning hafi verið samþykkt á biðlista og hvernig umsókn hans hafi verið metin samkvæmt matsviðmiðum með reglum þessum. Þá skal umsækjanda gert grein fyrir nauðsyn endurnýjunar umsóknar, sbr. 10. gr. reglna þessara.

#### **15. gr. Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um samþykkt á biðlista**

Réttur Bergrisans bs. til afturköllunar ákvörðunar um samþykki á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk er bundinn við þau tilvik þegar umsækjandi uppfyllir ekki lengur skilyrði reglna þessara eða hafnar úthlutun án málefnalegra ástæðna, samanber 9. gr. reglnanna. Afturköllun ákvörðunar um samþykki á biðlista eftir húsnæði er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

## **16. gr.**

### **Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um úthlutun húsnæðis**

Réttur Bergrisans bs. og eftir atvikum leigusala til afturköllunar ákvörðunar um úthlutun leiguhúsnæðis er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki uppfyllir ekki skilyrði reglna þessara eða brýtur gegn ákvæðum leigusamnings/þjónustusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti

Afturköllun ákvörðunar um úthlutun leiguhúsnæðis er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Afturköllun ákvörðunar um úthlutun leiguhúsnæðis getur eftir atvikum leitt til uppsagnar eða riftunar á húsaleigusamningi. Um uppsögn og riftun gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994

## **V. kafli**

### **Lok leigusamnings og afnot húsnæðis**

## **17. gr.**

### **Breyttar aðstæður**

Umsækjandi skal vera í samskiptum við ráðgjafa hjá lögheimili sveitarfélagi á meðan beðið er úthlutunar á húsnæði og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim.

Leigutaki skal upplýsa ráðgjafa hjá lögheimili sveitarfélagi og/eða þjónustuvæði verði breytingar á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglna þessara sé fullnægt.

Ef leigutaki gengur í hjúskap, hefur sambúð eða aðstæður hans breytast með öðrum hætti á leigutímanum, skal hann tilkynna ráðgjafa hjá lögheimili sveitarfélagi þar um, enda forsendur aðrar en þegar að úthlutun kom.

Hafi aðstæður leigutaka breyst skal hafa samband við hann og eftir atvikum skal kanna aðstæður og meta að nýju. Ef aðstæður leigutaka falla eigi lengur að skilyrðum reglna þessara leiðir það til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun um úthlutun á húsnæði.

Leigutaki húsnæðis fyrir fatlað fólk skal eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutíma.

## **18. gr.**

### **Afnot húsnæðis.**

Leigutaka er óheimilt að heimila öðrum afnot af hinu leigða húsnæði. Ákvæðinu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir að leigutaki heimili fjölskyldumeðlimum, s.s. foreldrum eða systkinum leigutaka, að dvelja í íbúð með sér til skemmri tíma, þó aldrei lengur en 30 daga.

Framleiga leiguhúsnæðisins er með öllu óheimil. Verði leigutaki uppvís að því að framleiga leiguhúsnæði eða heimila öðrum afnot af því getur það leitt til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun varðandi úthlutun á húsnæði fyrir fatlað fólk.

Dveljist leigutaki lengur en í sex mánuði samfelld á hjúkrunarheimili eða sambærilegri stofnun ber honum að skila leiguíbúð sinni.

## **VI. KAFLI**

### **Málsmeðferð**

Um málsmeðferð samkvæmt reglum þessum gilda ákvæði stjórnáslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

#### **19. gr.**

##### **Könnun á aðstæðum**

Ráðgjafi skal kanna aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk hefur borist.

Fagteymi Bergrisans bs. skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

#### **20. gr.**

##### **Endurskoðun**

Rétt til húsnæðis fyrir fatlað fólk má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort leigutaki húsnæðisins fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna, sbr. 17. gr. reglna þessara, hafi áhrif á rétt hans.

#### **21. gr.**

##### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

#### **22. gr.**

##### **Samvinna við umsækjanda**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans, lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað afgreiðslu umsókna varðar, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Umsækjandi um húsnæði fyrir fatlað fólk skal upplýstur um stöðu á biðlista, áætlaða lengd biðtíma og þau úrræði eða þjónustu sem honum standa til boða á biðtímanum, sbr. reglugerð nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.



Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

### **23. gr.**

#### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014 og skjalastefnu félags- og velferðarsviða þjónustusvæða Bergrisans bs.

Félags- og velferðarþjónusta þess þjónustusvæðis sem umsækjandi á lögheimili í bera ábyrgð á skjalavistun vegna umsókna um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrir liggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna er kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggir á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### **24. gr.**

#### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn félags- og velferðarþjónustusvæða og lögheimili sveitarfélags ásamt fagteymi Bergrisans bs. taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði stjórnar Bergrisans bs.

### **25. gr.**

#### **Samráð leigusala og Bergrisans bs.**

Leigusala er heimilt að upplýsa Bergrisanum bs. um vanskil á húsaleigu, brot á húsreglum, áminningar og rift húsaleigusamnings. Þá er Bergrisanum bs. jafnframt heimilt að upplýsa leigusala um afmarkaða þætti málsmeðferðar sem snúa að samningsumleitan vegna húsaleiguskulda atvika er varða stuðning vegna áframhaldandi búsetu.

### **26. gr.**

#### **Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með tryggilegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn ekki samþykkt á biðlista skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

## **27. gr.**

### **Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála.**

Umsækjandi getur kært ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 35. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun sbr. 5. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

## **28. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar öðlast gildi við samþykki stjórnar Bergrisans bs. og sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga. Jafnframt falla þá úr gildi verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um húsnæði og þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum frá árinu 2014. Umsóknir sem lagðar hafa verið fram í gildistíð eldri verklagsreglna um afgreiðslu umsókna um húsnæði og þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum halda gildi sínu en skulu endurmetnar samkvæmt reglum þessum.

Reglur samþykktar af stjórn Bergrisans 31.05.2024

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans bs.

Matsviðmið Bergrisans bs. varðandi húsnæði fyrir fatlað fólk - Fylgiskjal 1-

Lágmark stigaskor 7 til að umsókn verði samþykkt

<b>Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum kafla</b>	
<b>Staða umsækjanda</b>	<b>Stig</b>
Umsækjandi er ekki metinn í þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk	0
Umsækjandi hefur fullnýtt rétt sinn til stuðningsþjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991	1
Umsækjandi þarf stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utan umhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf ekki á næturvakt að halda	2
Umsækjandi þarf stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utan umhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf á næturvakt að halda	3
Umsækjandi er með mikla og viðvarandi stuðningsþörf af hálfu eins til tveggja stuðningsaðila allan sólarhringinn	4
<b>Húsnæðisstaða</b>	
Umsækjandi býr í öruggu húsnæði, s.s. í eigin fasteign eða í leiguhúsnæði með leigusamning sem er til lengri tíma en 6 mánaða	0
Umsækjandi býr hjá aðstandendum	1
Umsækjandi býr í óöruggu húsnæði	2
Umsækjandi hefur dvalið á stofnun lengur en sex mánuði samfelt og er útskriftarfær	3
Milli flutningur á milli þjónustuúrræða á vegum þjónustusvæðis Bergrisans	3
Flutningur á milli þjónustuúrræða s.s. af heimili fyrir börn	4
<b>Félagslegar aðstæður</b>	
Nokkur vandkvæði eru bundin stuðningi við umsækjanda vegna félagslegra aðstæðna, s.s. umsækjandi er háður stuðningi annarra	1
Mikil vandkvæði eru bundin stuðningi við umsækjanda vegna félagslegra aðstæðna, s.s. umsækjandi þarf meiri stuðning en hægt er að veita við núverandi aðstæður.	3
Miklir og langvarandi erfiðleikar vegna félagslegra aðstæðna, s.s. ef umsækjandi fær ekki nauðsynlegan stuðning við núverandi aðstæður	4
<b>Önnur þjónusta sem umsækjandi hefur</b>	
Umsækjandi hefur ekki sótt um þjónustu frá félagsþjónustusvæði	0
Umsækjandi er með stuðningsáætlun og/eða einstaklingsbundna þjónustuáætlun eða aðra þjónustu frá félagsþjónustusvæði	2
Umsækjandi er með umfangsmikinn stuðning utan heimilis svo sem skammtímadvöl, heimili fyrir börn, notendasamning, sjúkrahúsdvöl, endurhæfing og þess háttar	4
<b>Mat á stuðningsþörf</b>	
Væg stuðningsþörf ( að jafnaði engin eða lítil stuðningsþörf vegna heilsu og/eða hegðunar)	1-4
Miðlungs stuðningsþörf ( Breytileg stuðningsþörf vegna heilsu og/eða hegðunar)	5-12
Óvenjuleg stuðningsþörf ( Mjög mikil þörf vegna heilsu og/eða hegðunar)	13-18
<b>Aldur umsóknar</b>	
Umsókn yngri en 1 árs	0
Umsókn er eldri en 1 árs	1
Umsókn er eldri en 2 ára	2
Umsókn er eldri en 3 ára	3
Umsókn er eldri en 5 ára	4
<b>Stig alls:</b>	

## Ferli umsókna

Húsnæði fyrir fatlað fólk

*Bergrisinn bs. er byggðasamlag sem heldur utan um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi. Innan Bergrisans bs. eru fimm félags- og velferðarþjónustusvæði sem starfa í umboði hans: Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna.*

### Hvað er í boði:

Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í sértækt húsnæði og húsnæði með stuðningi.

*Sértækt húsnæði* á við íbúðir í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk sem þarf mikinn stuðning til að búa á eigin heimili. Þar fá íbúar þjónustu í samræmi við stuðningsþarfir sínar, allan sólarhringinn eða hluta úr degi. Um er að ræða íbúðakjarna á Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Sólheimum í Grímsnesi og Skafttholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

*Húsnæði með stuðningi* á við stakar íbúðir fyrir fatlað fólk sem þarf nokkurn stuðning til að búa á eigin heimili, ekki er um að ræða næturþjónustu. Um er að ræða þrjár íbúðir í raðhúsi á Selfossi þar sem tveir einstaklingar leigja saman og deila sameiginlegri stofu, eldhúsi og þvottahúsi.

### Á ég rétt á húsnæði?

Til að eiga rétt á húsnæði þarft þú að:

- Vera orðinn 18 ára.
- Hafa staðfesta fötlunargreiningu.
- Vera metinn í þörf samkvæmt viðeigandi matsviðmiðum reglna um félagslegt húsnæði og reglna um stuðningsþjónustu.

### Hvernig sækir ég um húsnæði?

- Sótt er um þjónustu á þar til gerðu umsóknareyðublaði eða rafrænt í gegnum mínar síður hjá félags- og velferðarþjónustu í lögheimili sveitarfélagsi umsækjenda.
- Ef umsækjandi á ekki lögheimili á þjónustusvæði Bergrisans skal sótt um hjá því sveitarfélagi þar sem úrræði er staðsett.
- Ef umsækjandi er að sækjum um búsetu á Sólheimum og/eða í Skafttholti og á ekki lögheimili á þjónustusvæði Bergrisans skal sótt um hjá Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna.

### Hvað gerist næst?

Eftir að umsókn hefur borist til félags- og velferðarþjónustusvæðis er umsækjanda boðið í viðtal til ráðgjafa og mat á stuðningsþörfum er unnið í náinni samvinnu við umsækjanda. Umsókn ásamt mati á þjónustubröf er kynnt á fundi fagteymis Bergrisans sem metur umsóknina út frá gildandi lögum og reglum. Í kjölfarið er umsókn samþykkt eða sýnað.

Samþykktar umsóknir fara á bið eftir úthlutun húsnæðis. Ráðgjafi félags- og velferðarþjónustusvæðis tilkynnir umsækjanda skriflega afgreiðslu umsóknar. Verði umsókn samþykkt á biðlista fær umsækjandi upplýsingar um þá þjónustu sem hann getur fengið þar til úthlutun fer fram.

Hafi umsækjandi ekki fengið húsnæði innan árs frá því umsókn var samþykkt hefur ráðgjafi samband. Í samtalinu er umsókn uppfærð, farið yfir stöðu umsóknar á biðlista og möguleika á úthlutun húsnæðis á næstu 12 mánuðum. Samhliða því fer ráðgjafi yfir hvaða önnur úrræði og þjónusta standa til boða þar til úthlutun húsnæðis fer fram.

#### **Hvað kostar húsnæði fyrir fatlað fólk?**

Um er að ræða leiguíbúðir og fer kostnaður við leiguna eftir stærð og gerð húsnæðis. Leigan er greidd mánaðarlega og geta leigjendur átt rétt á húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi.

